



SJÁLFSMATSSKÝRSLA VÍKURSKÓLA 2021-2022

Elín Einarsdóttir
Skólastjóri

Innihald

Inngangur	2
Árlegar kannanir og Skólapúlsinn	3
Starfsmannakönnun Víkurskóla	3
Starfið	4
Starfsmenn	4
Stjórnun	5
Kennarar- kennarastarfið	6
Kennarar – Starfsumhverfi kennara	6
Símenntun	7
Opin svör	7
Samantekt	7
Ungt fólk 2022	8
Íslenska æskulýðsrannsóknin – Niðurstöður fyrir Víkurskóla	9
Lesfimi	10
Lesskilningur	11
Stærðfræði	11
Samræmd próf	11
Skólanámskrá og starfsáæltun	12
Teymi Víkurskóla	12
Uppeldi til ábyrgðar	12
Heilsueflandi skóli	12
Stærðfræði	12
Skólaþing nemenda	12
Jóladagskrá og Litlu-Jól	13
Árshátíð Víkurskóla	13
Lokaorð	13
Fylgiskjöl	14
Fylgiskjal 1 – Rýnivinna á starfsmannakönnun Skólapúlsins (1.-4.kafli)	14
Fylgiskjal 2 – Skólaþing nemenda	14
Fylgiskjal 3 – Rýnivinna vegna jóladagskrár og Litlu-jóla 2021	19
Fylgiskjal 4 – Rýnivinna vegna árshátíðar Víkurskóla 2022	20

Inngangur

Á grundvelli laga um grunnskóla frá árinu 2008 ber öllum grunnskólum að framkvæma kerfisbundið sjálfsmat sbr 35. og 36. grein laganna:

35. gr. Markmið.

- ☐ Markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í grunnskólum er að:
 - a. veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks skóla, viðtökuskóla, foreldra og nemenda,
 - b. tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár grunnskóla,
 - c. auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum,
 - d. tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum.

■ 36. gr. Innra mat.

- ☐ Hver grunnskóli metur með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs á grundvelli 35. gr. með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra eftir því sem við á.
- ☐ Grunnskóli birtir opinberlega upplýsingar um innra mat sitt, tengsl þess við skólanámskrá og áætlanir um umbætur.

Sjálfsmat skóla er stöðugt og langtímamiðað og um leið er safnað með kerfisbundnum hætti gögnum um skólastarfið. Sjálfsmat er liður í umbótun, þróun og vexti hvers skóla og forsenda framfara og gæðastarfs. Margir ólíkir þættir hafa áhrif á skólastarfið, í tilfalli Víkurskóla þá er sérstaða skólans sú að hann er heildstæður fámennur skóli sem þjónar börnum úr dreifbýli og þéttbýli.

Í áætlun um innra mat Víkurskóla <https://vikurskoli.is/wp-content/uploads/2020/11/Innra-mat-Vikurskola-2020-2024.docx.pdf> er gerð grein fyrir þeim þáttum sem metnir eru yfir skólaárið. Víkurskóli nýtir sér kannanir Skólapúlssins í sjálfsmati skólans og einbeitir sér að þeim niðurstöðum sem þær gefa og settar fram í umbótaáætlunum. Kannanirnar eru lagðar fyrir annað hvert ár og ná til allra nemenda skólans, foreldra og starfsmanna. Í þessari skýrslu verður gerð grein fyrir á hvern hátt unnið var úr þeim könnunum sem lagðar voru fyrir á skólaárinu.

Skólaráð Víkurskóla, fjallaði um allar kannanirnar, kynning fór fram í fræðslunefnd Mýrdalshrepps og þær ræddar og rýndar á starfsmannafundi Víkurskóla undir stjórn matsteymis skólans.

Árlegar kannanir og Skólapúlsinn

Árlega eru lagðar fyrir samræmdar kannanir sem styðja við sjálfsmat skólans. Niðurstöður slíkra mælinga gefa vísbendingar um á hvaða leið skólastarfið er og gefa tækifæri til að grípa til úrbóta ef niðurstöður eru ekki ásættanlegar. Þegar niðurstöður eru jákvæðar styrkir það skólasamfélagið í heild sinni og hvetur til áframhaldandi framfara. Í Víkurskóla eru kannanir með vefkerfi Skólapúlsins lagðar fyrir alla hópa annað hvert ár, samanber áætlun um innra mat Víkurskóla 2020-2024. Skólaárið 2021-2022 var eftirfarandi könnun lögð fyrir:

- Starfsmannakönnun mars 2022

Niðurstöður þessarar könnunar og eldri kannananna eru aðgengilegar á heimasíðu Víkurskóla, <https://vikurskoli.is/innra-mat/>

Jafnframt má lesa um þær fræðilegu forsendur sem liggja til grundvallar könnunum í inngangi hverrar skýrslu.

Umfjöllun um ofangreinda könnun verður reifuð hér fyrir neðan.

Starfsmannakönnun Víkurskóla

Kennarar og almennir starfsmenn tóku þátt í könnuninni. Hluti könnunarinnar á samt sem áður einungis við kennara. Svarhlutfall í heildina að þessu sinni var 93.3%. Könnunin mælir eftirfarandi þætti:

- Starfið
- Starfsmenn
- Vinnustaðurinn
- Stjórnun
- Kennarar- Kennarastarfið
- Kennarar- Starfsumhverfi kennara
- Kennarar-Símenntun kennara

Að auki gafst starfsmönnum kostur á að tjá sig í opnum svörum um það sem þeir eru ánægðir með og einnig það sem þeir eru síður ánægðir með. Hver ofantaldra þátta er brotin upp í margar spurningar. Hér verður hver þáttur sýndur myndrænt í heildarsamantekt en hægt er að skoða niðurstöðurnar nánar eins og áður segir á heimasíðu skólans. Í hverri töflu er hægt að sjá samanburð við landið og jafnframt breytingu frá síðustu mælingu í skólanum.

Starfið

1. Starfið

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
1.1. Vinnuálag	3,8	14	-0,1	4,8	2.365	-1,0*
1.2. Skýrleiki hlutverks	5,9	14	-0,4	4,9	2.361	1,0*
1.3. Ágreiningur um hlutverk	3,7	14	0,5	4,9	2.364	-1,2*
1.4. Jákvæðar áskoranir í starfi	5,2	14	-1,2	5,1	2.362	0,1

Í þessum hluta má sjá að starfsmenn eru á öllum þáttum fyrir ofan landsmeðaltal. Mestu munar um þann þátt sem mælir skýrleika hlutverks hann hefur þó örlítið dalað frá síðustu mælingu 2020 sem og ágreiningur um hlutverk sem mælist lágur þáttur. Vinnuálag virðist ekki íþyngjandi á vinnustaðnum.

Starfsmenn

2. Starfsmenn

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
2.1. Leikni í starfi	4,6	14	-1,2	4,9	2.344	-0,3
2.2. Skuldbinding til vinnustaðarins	6,4	14	-0,1	5,1	2.341	1,3*
2.3. Skörun vinnu og einkalífs	4,5	14	0,5	5,1	2.341	-0,6

Ef rýnt er í matsþáttinn leikni í starfi kemur fram örlítill munur á viðhorfi kennara miðað við viðhorf almennra starfsmanna, en þeir meta sína getu örlítið lægri. Þessi þáttur er einn af fáum þáttum könnunarinnar sem mælist undir landsmeðaltali og hefur dalað innan vinnustaðarins frá árinu 2020, er það umhugsunarefni. Starfsmenn Víkurskóla hafa greinilega sterkar taugar til vinnustaðarins og mælast langt yfir landsmeðaltali á þeim þætti. Jafnframt meta starfsmenn skörun vinnu og einkalífs síður hamlandi þátt.

Vinnustaðurinn

3. Vinnustaðurinn

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
3.1. Starfsandi	6,7	14	0,1	5,2	2.325	1,5*
3.2. Ánægja með vinnuaðstöðu	4,8	14	-	5,0	2.257	-0,2
3.3. Stuðningur frá samstarfsfólki	5,7	14	-1,2	5,1	2.315	0,6
3.4. Stuðningur við nýsköpun	6,4	14	0,1	5,1	2.312	1,3*
3.5. Mismunur	3,5	14	-0,1	4,8	2.313	-1,3*
3.6. Einelti (þú)	0%	0/14	-	4,1%	94/2306	-4,1%
3.7. Einelti (annar en þú)	0%	0/14	-	10,1%	232/2291	-10,1%
3.8. Einelti (séð 2 eða fleiri lagða í einelti)	0%	0/14	-	4,9%	113/2291	-4,9%

Þessi hluti mælir marga þætti er snúa að vinnustaðnum. Ánægulegt er að sjá að starfsandi eykst umtalsvert og styður við það sem kom fram hér að ofan um skuldbindingu gagnvart vinnustaðnum. Jafnframt eru starfsmenn ánægðir með stuðning við nýsköpun og mælist sá þáttur langt yfir landsmeðaltali. Stuðningur frá samstarfsfólki dalar milli kannana í skólanum en er vel yfir landsmeðaltali. Einelti mælist ekki á vinnustaðnum samkvæmt þessari könnun og er það afar jákvætt.

Stjórnun

4. Stjórnun

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
4.1. Stuðningur frá næsta yfirmanni	6,3	14	0,1	5,2	2.292	1,1*
4.2. Sanngjörn forysta	6,2	14	0,3	5,2	2.280	1,0*
4.3. Valdeflandi forysta	5,9	14	-0,5	5,0	2.260	0,9*
4.4. Ræktun mannauðs	6,4	14	-0,4	5,0	2.281	1,4*

Í þessum hluta könnunarinnar varð lítil breyting frá könnun 2020. Almennt eru starfsmenn jákvæðir gagnvart stjórnun skólans og umtalsvert jákvæðari en landsmeðaltal. Tveir þættir fara lítilega niður á milli kannana.

Kennarar- kennarastarfið

5. Kennarar - Kennarastarfið

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
5.1. Ánægja með kennarastarfið	7,6	8	0,3	5,2	1.508	2,4*
5.2. Trú kennara skólans á eigin getu	5,1	8	-1,3	5,1	1.492	0,0
5.3. Upplýsingamiðlun til foreldra	3,5	7	-0,6	4,9	1.332	-1,4*
5.4. Áætlaður meðaltími í heimavinnu nemenda á viku	48,0 mín	5	-2,0 mín	41,5 mín	1.247	6,5 mín
5.5. Undirbúningur kennslu í skólanum	75,0%	6/8	17,9%	63,9%	977/1528	11,1%
5.6. Öllum bekknum kennt í einu	33,3%	2/6	-52,4%	46,5%	642/1380	-13,2%
5.7. Hópavinna í bekk	14,3%	1/7	-2,4%	36,6%	481/1313	-22,3%
5.8. Einstaklingsvinna í bekk	37,5%	3/8	-19,6%	30,1%	432/1435	7,4%
5.9. Einstaklingsmiðuð kennsla	85,7%	6/7	14,3%	53,0%	777/1465	32,7%
5.10. Áhersla kennara á námsmat með prófum	0%	0/8	-	12,0%	169/1406	-12,0%
5.11. Áhersla kennara á námsmat með öðru en prófum	87,5%	7/8	20,8%	78,5%	1174/1496	9,0%

Í þremur næstu hlutum könnunarinnar er sjónum beint að starfi kennarans.

Ánægja með kennarastarfið er langt umfram landsmeðaltal sem rýmar við áður nefndar niðurstöður um góðan starfsanda og skuldbindingu til vinnustaðarins. Trú kennara á eigin getu dalar samt sem áður og er á pari við landsmeðaltal. Upplýsingamiðlun til foreldra er undir landsmeðaltali og dalar jafnframt innan skólans milli kannana, það er umhugsunarefni og þarfnast skoðunar. Hér má þó mögulega draga fram sérstöðu skólastarfsins sl. tvö ár við Covid ástand. Greina má jákvæða þróun varðandi námsmat en kennarar leggja orðið umtalsvert meiri áherslu á fjölbreytt námsmat með öðrum mælingum en hefðbundnum prófum.

Kennarar – Starfsumhverfi kennara

6. Kennarar - Starfsumhverfi kennara

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
6.1. Stuðningur við kennara vegna nem. með námserfiðleika	6,5	7	0,7	5,0	1.327	1,5*
6.2. Stuðningur við kennara vegna hegðunarörðugleika nem.	7,1	8	2,3	4,9	1.308	2,2*
6.3. Faglegur stuðningur skólastjóra við kennara	6,4	8	-0,8	4,8	1.469	1,6*
6.4. Samráð um kennslu	4,5	8	-0,0	5,5	1.392	-1,0*
6.5. Samvinna um kennslu	6,3	8	-1,1	5,4	1.333	0,9*

Í þessum þætti er tekið tillit til starfsumhverfis kennara má sjá að kennarar eru mjög ánægðir með þann stuðning sem þeir fá við nemendur með náms- og/eða hegðunarörðugleika. Faglegur stuðningur skólastjóra dalar milli kannana innan skólans en er yfir landsmeðaltali. Þátturinn samráð um kennslu mælist marktækt undir landsmeðaltali og stendur í stað frá fyrri könnun. Mögulega mætti útskýra þessa niðurstöðu með því að skólinn er fámennur einungis einn námshópur í hverjum árgangi. Því hafa kennarar ekki tæk á að bera sig saman við aðra sem eru með sambærilegan námshóp.

Símenntun

7. Kennarar - Símenntun kennara

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
7.1. Fjöldi daga í símenntun undanfarið ár	14,3%	1/7	-28,6%	43,6%	608/1394	-29,3%
7.2. Símenntunarpörf kennara	6,9	7	2,6	6,0	1.414	0,9
7.3. Símenntunarpörf kennara (annað)	-	0	-	-	-	-
7.4. Hlutfall kennara sem hefðu viljað meiri símenntun undanf. 12 mán.	50,0%	4/8	7,1%	49,3%	705/1430	0,7%
7.6. Leiðir kennara til að auka eigin þekkingu/færni sl. 12 mán.	-	8	-	-	-	-

Síðasti hluti könnunarinnar er snýr að kennurum fjallaði um símenntun kennara. Talsverð breyting verður á þessum þætti milli kannanna og má þar klárlega vísa til þeirra takmarkanna sem voru í gangi vegna sóttvarna. Kennarar nefndu helst þörf fyrir símenntun á sviði námsmats, nýjunga í þróun í kennslufræðum, upplýsinga- og samskiptatækni, kennslu nemenda með sérþarfir og kennslu í fjölmenningarumhverfi.

Opin svör

Í opnum svörum voru starfsmenn beðnir að nefna þætti sem þeim þættu góðir við sinn vinnustað. Margir nefndu samstöðu, jákvæðni og starfsanda. Starfsmönnum gafst jafnframt kostur á að nefna það sem betur mætti fara á vinnustaðnum. Margir nefndu bættu vinnuaðstöðu og almennt viðhald á húsnæðinu.

Samantekt

Í kjölfar niðurstaðna var könnunin rýnd á starfsmannafundi á starfsdögum vorið 2022. Teknir voru fyrir kaflar 1.-4. Sjá niðurstöður og tillögur að úrbótum í fylgiskjali 1.

Niðurstöðurnar voru jafnframt kynntar foreldrum, fræðslunefnd Mýrdalshrepps og Skólaráði Víkurskóla. Könnunin gefur heilt yfir góðar vísbendingar um að starfsánægja og starfsandi í Víkurskóla sé mjög ásættanleg. Ekki þótti ástæða til að setja fram sérstaka tímasetta úrbótaáætlun út frá rýnivinnu og kynningum heldur var ákveðnum atriðum vísað til skoðunar hjá stjórnendum sbr. það sem segir hér að ofan.

Ungt fólk 2022

Nemendur í 8.-10. bekk Víkurskóla tóku þátt í könnun sem lögð er fyrir á landsvísi í febrúar 2022 og ber heitið Ungt fólk. Hér má sjá á mynd helstu niðurstöður yfir landið allt. Jákvæð þróun kemur fram á flestum þáttum milli kannanna.




Íslenska æskulýðsrannsóknin – Niðurstöður fyrir Víkurskóla

Nemendur í 4., 6., 8., og 10. bekk Víkurskóla tóku á vorönn þátt í rannsókn á vegum Menntavísindastofnunar Háskóla Íslands sem ber heitið *Íslenska æskulýðsrannsóknin*. Hún er unnin á grundvelli 12 gr. æskulýðslaga nr. 70/2007. Markmið rannsóknarinnar er að safna gögnum um velferð og viðhorf barna og ungs fólks og gera niðurstöður aðgengilegar til stuðnings við stefnumótun. Þar sem nemendur Víkurskóla eru fáir er svörum nemenda í 6., 8. og 10. bekk steipt saman. Spurningar sem lagðar voru fyrir 4. bekkina eru frábrugnar spurningum eldri bekkina og eru þær því ekki sýndar í myndritum. Hér verður birt myndrit úr rannsókninni þar sem teknar eru saman lykiltölur fyrir skólann í samanburði við aðra skóla á Suðurlandi og svo önnur landsvæði.

Það er ánægjulegt að sjá að nemendum líkar umtalsvert betur við skólann sinn heldur en samanburðarsvæðunum, finna meiri tilgang með náminu og eru síður þreyttir í skólanum. Hinsvegar kemur á óvart hversu lág prósent Víkurskóla er þegar kemur að hreyfingu miðað við samanburðarsvæði. Þess ber þó að geta að æfingar hjá ungmennafélaginu Kötlu lágu niðri vegna Covid þegar nemendur tóku könnunina. En þarna má eflaust gera mun betur. Eins ber að taka alvarlega að 17 % nemenda telja sig hafa orðið fyrir einelti í skólanum, það rýmar við niðurstöður úr Skólapól sí Víkurskóla frá haustinu 2020.

Lykiltölur



Lesfimi

Í Víkurskóla hafa lesfimiþróf Menntamálastofnunar verið lögð fyrir um nokkura ára skeið. Lesfimi er samsett færne sem felst í leshraða og lestrarnákvæmni. Rannsóknir sýna að tengsl milli lesfimi og lesskilnings eru sterk. Mikil áhersla hefur verið á að bæta lesfimi nemenda og skólinn hefur verið með markvissar aðgerðir í skólanum og í samstarfi við heimilin. Lesfimin er mæld þrisvar yfir skólaárið. Þar sem Víkurskóli er mjög fámennur og í sumum árgöngum mjög fá börn þá er ekki hægt að birta niðurstöður og framgang myndrænt.

Lesfimiþrófið í Lesferli Víkurskóla metur fyrst og fremst sjálfvirkni og nákvæmni eða flæði við lestur eins og kemur skýrt fram í fyrirmælum til nemenda þegar matið er lagt fyrir („Lestu eins hratt og vel og þú getur“). Orðið „vel“ vísar hér til lestrarnákvæmni þar sem hún, ásamt lesnum orðum á mínútu, liggur til grundvallar útreikningum á frammistöðu nemenda. Upplýsingar um sjálfvirkni umskráningar eru mjög mikilvægar en sjálfvirknin er ein af meginforsendum þess að lesari geti einbeitt sér að innihaldi texta og skilið hann. Áhersla á að nemendur nái sjálfvirkni við

umskráningu er því ekki úr lausu lofti gripin og mikilvægt að stefna að því að allir nemendur, sem til þess hafa forsendur, nái lestrarhraða sem er í grennd við viðmið 2 í öllum árgöngum eins og MMS setur þau fram.

Víkurskóli mælir lesfimi þrisvar sinnum á ári, september, janúar og maí. Úr niðurstöðum mælinga má lesa að Víkurskóli er á pari við landsmeðaltal í maí 2022 og mjög greinilega framför má merkja milli september og maí mælinga skólans. Í september 2021 eru 65% nemenda undir viðmiði 1, hér eftir V1. 24% nemenda eru milli V1 og V2, 4% nemenda milli V2 og V3 og 7% nemenda yfir V3.

Sé horft til maí 2022, við lok skólaárs, hefur nemendum undir V1 fækkað um 41% og þeir sem eru í grennd við V2 MMS orðin tæp 70%. Sú lestrarvinna sem fram fer í skóla og á heimili skilar nemendum góðum framförum en greinilegt er að lítil þjálfun yfir sumarmánuði dregur úr færni á mælingum í september.

Markmið Víkurskóla er að árangur nemenda sé á pari við landsmeðaltal.

Lesskilningur

Lesskilningsprófið Orðarún er lagt fyrir tvisvar yfir skólárið í 3.-8. bekk. Prófið gefur vísbendingar um hvar nemendur standa í lesskilningi og sýnir framfarir á milli ára. Viðmið Víkurskóla er að niðurstöður seinna prófs sýni að fleiri en 70% nemenda í árgangi raðist í flokkinn meðal eða gott og færri en 10% nemenda í árgangi raðist í mjög slakt. Þar sem nemendur Víkurskóla eru fáir og mjög fáir í sumum árgöngum er ekki hægt að birta með myndrænum hætti niðurstöður. Þó er vert að taka fram að mælingar skólaársins sína mjög ásættanlegan árangur og viðmiðum skólans var náð. Sú mikla vinna sem fram fer í lesfimi skilar nemendum einnig aukinni færni í lesskilningi.

Stærðfræði

Til að skima kunnáttu nemenda í stærðfræði er notað staðlaða mælitækið Talnalykill sem mælir kunnáttu nemenda í námsefni 1.-7. bekkjar. Prófið er lagt fyrir sem hóppróf í 3. bekk í nóvember ár hvert og 6. bekk í febrúar. Frá og með næsta skólaári verður prófið lagt fyrir í apríl ár hvert. Viðmið skólans er að 70% nemenda ná mælitölu yfir 85 stig. Niðurstöður voru rýndar með umsjónarkennara og prófanda og gripið til viðeigandi aðgerða. Hér skal áréttað að nemendahópurinn telur fáa nemendur og því ekki hægt að sýna nánari tölfræði úr prófinu. Þeir nemendur sem eru með mælitölu milli 55-85 taka prófið aftur eftir að unnið hefur verið sérstaklega með þá þætti sem mældust verulega undir viðmiðum.

Samræmd próf

Samræmd próf eru lögð fyrir árlega að hausti í 4. og 7. bekk (sept/okt) og að vori (mars) í 9. bekk. Samræmd próf voru ekki lögð fyrir á skólaárinu samkvæmt ákvörðun ráðherra og nú fer fram vinna í ráðuneyti mennta- og menningarmála um framtíð prófanna.

Skólanámskrá og starfsáætlun

Samkvæmt áætlun um innra mat Víkurskóla var skólanámskrá og starfsáætlun tekin til sérstakrar skoðunar á starfsárinu. Rýnivinnan fór fram á starfsdögum í júní 2022 og byggð á almennum viðmiðum í aðalnámskrá grunnskóla þar sem listað er upp hvaða upplýsingar ber að birta í skólanámskrá og starfsáætlun. Jafnframt var stuðst við ábendingar úr ytra mati MMS á skólanum. Niðurstöður rýnivinnunar verða nýttar við endurskoðun á þessum grundvallaráætlunum skólastarfsins.

Teymi Víkurskóla

Skólaárið 2021-2022 störfuðu 3 teymi innan skólans fyrir utan matsteymi skólans. Teymi um Uppeldi til ábyrgðar sem mótar tillögður fyrir skólaárið um hvaða viðfangsefni unnið er að og teymi um Heilsueflandi skóla sem er verkefni unnið í samstarfi við Landlæknisembættið og teymi um stærðfræðikennslu.

Uppeldi til ábyrgðar

Teymið hittist nokkrum sinnum yfir skólárið, lagði línur yfir þær áherslur sem unnar voru í bekkjum og kom með innlegg á starfsmannafundi. Teymið skilaði skýrslu í lok skólaársins auk þess að gera áætlun um viðfangsefni næsta skólaárs.

Heilsueflandi skóli

Teymi um Heilsueflandi skóla hittist formlega tvisvar yfir skólaárið og vann eftir áherslum Heilsustefnu Víkurskóla. Heilsustefnan var endurskoðuð vorið 2022. Jafnframt var unnið að því að gera verkefnið sýnilegt innan veggja skólans og vekja athygli á því með reglulegum hætti á heimasíðu skólans. Úti- og hreyfinám hefur aukist í skólanum. Í fylgiskjali 3 fylgir lokaskýrsla skólaársins.

Stærðfræði

Teymi um stærðfræðikennslu kom saman haust og vor og fór yfir áherslur í hverjum námshópi. Janframt er hlutverk teymisins að rýna í niðurstöður samræmdra prófa (þegar og ef þau eru lögð fyrir) og annarra skimana. Ennfremur að standa fyrir uppbroti í stærðfræðikennslunni þvert á aldur, 1-2 á hvorri önn, haust og vor.

Skólaþing nemenda

Einn af grunnþáttum menntunar í grunnskóla er lýðræði og mannréttindi. Í Víkurskóla er lögð áhersla á að þjálfar börn í samræðum og virkri hlustun. Viðleitni í þá átt er skólaþing nemenda sem haldið er annað hvert ár að hausti þetta skólaárið í október. Viðfangsefni þingsins voru málefni sem tengjast skólanum með beinum hætti og eru nemendum mjög hugleikin; samskipti, námið, skólaumhverfið, félagslíf og matur/morgunhressing. Nemendum voru skipt í 7 hópa og fengu allir tækifæri á að ræða öll málefni og hópstjórar sáu um að skrá niður það sem rætt var. Í framhaldinu voru niðurstöður teknar saman af umsjónakennurum sem jafnframt sáu um að

skrá þær í tölvu og flokka. Niðurstöðurnar voru ræddar og kynntar fyrir skólasamfélaginu og nýttar til úrbóta.

Jóladagskrá og Litlu-Jól

Ár hvert er sett upp dagskrá í aðdraganda jólaleyfis nemenda sem nær hápunkti á Litlu-Jólum skólans. Á starfsdegi í upphafi skólaárs rýndu starfsmenn hvernig til hefði tekist við þennan hluta skólastarfsins. Í fylgiskjali 3 má sjá rýnivinnuna sem mun nýtast við undirbúning á næsta skólaári.

Árshátíð Víkurskóla

Einn af hápunktum skólaársins er árshátíð skólans. Mikil vinna og undirbúningur liggur að baki slíku verkefni. Að þessu sinni var ráðist í að setja upp Dýrin í Hálsaskógi. Í fylgiskjali 4 má sjá afrakstur rýnivinnunar.

Lokaorð

Hér að framan er rakið það helsta sem unnið var í innra mati Víkurskóla og/eða upplýsingar sem nýst geta til hagsbóta fyrir nemendur og skólasamfélagið, skýrslan er þó ekki tæmandi og stefnt er að því að taka fleiri þætti inn í matið eftir því sem skólastarfinu vex fiskur um hrygg. Skólinn hefur um nokkurra ára skeið verið einn af jarðvangsskólum Kötlu Geopark og nauðsynlegt er að taka til skoðunar ávinning af því verkefni innan skólans. Eins er skólinn að ljúka þáttöku í Erasmus+ samstarfsverkefni sem metið verður á næsta skólaári.

Tilgangur innra mats er fyrst og fremst til að nýta upplýsingar sem aflað er til að bæta skólastarfið og gera það faglegra. Á skólaárinu 2020-2021 fór fram ytra mat á Víkurskóla. Haustið 2021 skilaði skólinn úrbótaskýrslu til Menntamálastofnunar sem er jafnframt vinnuþagg skólans til þess að vinna áfram markvissar úrbætur á skólastarfinu.

Fylgiskjöl

Fylgiskjal 1 – Rýnivinna á starfsmannakönnun Skólapúlsins (1.-4.kafli)

Rýnivinna á Skólapúlsi – starfsmannahluti 1.-4. kafli 2022

Rýnivinnan fór fram á starfsdögum vorið 2022. Unnið var út frá eftirfarandi lykilspurningum:

- Hvernig stöndum við okkur?
 - Hvernig vitum við það?
 - Hvað gerum við næst?
1. Við stöndum okkur mjög vel.
Mjög góður starfsandi.
Endurmenntun mætti bæta
Stuðningur frá starfsfólki þarf að skoða.
Upplifun á vinnuálag mismunandi
Erum við of gagnrýnin við okkur sjálf – mismuandi túlkun
 2. Sjáum niðurstöður
Finnum það í vinnunni
Vinnuaðstaða – getum ekki nýtt stofur vegna annarrar starfsemi í stofunni.
 3. Húsgögn, aðbúnaður, kennslugögn, vinnuaðstaða kennara,
Raungreinastofa
Annað starfsfólk saknar þess að hafa ekki félagsskap í kaffi.

Fylgiskjal 2 – Skólalæping nemenda

Skólalæping nemenda í 5. -10. bekk 2022

Einn af grunnþáttum menntunar í grunnskóla er lýðræði og mannréttindi. Í Víkurskóla leggjum við áherslu á að þjálfa börn í samræðum og virkri hlustun. Viðleitni í átt er skólalæping nemenda. Við höldum slíkt þing með þátttöku nemenda í 5.- 10.bekk. Viðfangsefni þingsins voru málefni sem tengjast skólanum með beinum hætti og eru nemendum mjög hugleikin; samskipti, námið, skólaumhverfið, félagslíf og matur/morgunhressing. Nemendum voru skipt í 7 hópa og fengu allir tækifæri á að ræða öll málefni og hópstjórar sáu um að skrá niður það sem rætt var. Í framhaldinu voru niðurstöður tekin saman af umsjónakennarar sem jafnframt sáu um að skrá þær í tölvu og flokka.

Helstu niðurstöður voru eftirfarandi:

Skólaping Víkurskóla 2022 – niðurstöður og tillögur að úrbótum

Atriði merkt gul eru þau sem fleiri en einn hópur nefndi í hverjum flokki.

Stöð 1: Samskipti

Hvernig finnst þér/ykkur samskipti milli nemenda og starfsmanna vera í Víkurskóla?

- Samskipti milli sumra nemenda eru gróf
- Þegar kennarar eru pirraðir þegar þeir koma inn í stofuna eyðileggst stemningin í stofunni
- Bara fín samskipti milli nemenda en ekki allir kennarar
- **Fín samskipti**

Hvernig getur þú bætt samskipti við skólafélagana og/eða starfsfólk? (Tillögur):

- Passa hvað maður segir
- Fara fyrr heim
- Meiri hópavinna milli bekkja
- Vera góð við hvert annað
- Hlusta meira

Hvað getur þú/þið gert, t.d. varðandi mögulegt einelti, ofbeldi, klögumál?

- Gefa nemendum séns á að tala/útskýra
- Hafa meira til að gera saman
- Eldri nemendur halda kynningar fyrir yngri um t.d. einelti
- Fræða nemendur um alvarleg mál

Stöð 2: Námið

Gott við námið:

- **Gott aðgengi að hjálp**
- Maður lærir
- Námið er skemmtilegt og fræðandi
- Ekki of erfitt nám

Hvernig gengur þér/ykkur við námið?

- Ágætlega – sæmilega - vel

Hvernig líður mér best að læra?

- Frammi
- Inn í stofu
- **Á bókasafni** í sófanum
- Í hópavinnu

- Flestir einbeita sér betur að náminu með tónlist í eyrunum, það dempar önnur hljóð
- Í hita
- Stuttar vinnulotur

Hverju mætti breyta við námið til að þú/þið náðið betri árangri?

- Hafa meiri lestur
- Hafa val um heimavinnutíma
- Hafa betri vinnufrið
- Veggja á stofuna
- Leyfa tónlist
- Slökkt/kveikt ljós?

Hvernig nýtist þé tæki og töl í náminu (t.d. tölvur og ípad)?

- Tölvur nýtast vel
- Leyfa síma
- Tæknin nýtist mjög vel
- Það gengur vel að nota það og það hjálpar mjög mikið
- Tölvurnar virka vel en ípadarnir eru ekki nógu góðir (t.d. hægvirkir)

Valgreinar

- Sundval
- Starfsnámsval
- Ekki listir á sama tíma og skólahreysti
- Fatahönnun
- Fleiri tungumál
- Kvikmyndaval
- Spilaval
- Tónlistarval

Tillögur:

- Hafa val um fleiri tungumál en dönsku, t.d. pólsku/rússnesku
- Eitthvað annað en þjóðfélagsfræði í samfélagsgreinum
- Stærðfræðiáætlanir oft of langar, mætti stytta
- Hafa fleiri pásur án þess að fara út
- Fleiri kynfræðslutíma
- Hafa heimilisfræði sem skyldufag, ekki bara val
- Gera fleiri tilraunir

Stöð 3: Skólaumhverfið

Hvernig finnst þér/ýkkur best að hafa uppröðun í skólastofunni?

- Tveir og tveir sitja saman

- Sitja ein/n
- Fjölbreytni (breyta reglulega til)
- Kennari spyri krakkana hvernig þeir vilji að uppröðun sé
- Best að sitja einn í stærðfræði

Hvernig umhverfi líður þér/ykkur best í í frímínútum?

- a) Innandyra
- b) Utandyra

Tillögur:

- Hafa fleiri spil, t.d. Uno og Cards against humanity
- Hafa val um að vera inni eða úti í frímínútum- tilgangslaust að hafa pool, fótboltaspil og borðtennis þegar það er aldrei tími til að nota það því við erum alltaf rekin út
- Hafa svæði úti þar sem hægt er að sitja – borð og bekki
- Fleiri boltar
- Hafa klifurgrind úti
- Mega vera á bókasafni í frímínútum (fleiri bækur og tími til að lesa)
- Mega hafa síma í frímínútum
- Hafa lengri frímínútur
- Net yfir fótboltamark
- Hljóðlátt inni
- Pool borð
- Upphíinga- og dýfuslá úti
- Betri fótbolta
- Setja net eða hærri vegg á fótboltavöllinn
- Annan sófa með pláss fyrir fleiri
- Kalt inni svo það er kalt að fara út

Stöð 4: Tómsundir og félagsstarf

Hvernig á félagslíf/tómsundastarf að vera í Víkurskóla?

- Fleiri viðburði
- Fleiri böll með þema
- Fleiri bekkjarkvöld
- Fleiri spilakvöld
- Hafa einhverja klúbba eftir skóla, t.d. bókaklúbb, spilaklúbb, tölvuleikjaklúbb eða söfnunarklúbb
- Gera meira með öðrum skólum, t.d. ferðir, kynningar, íþróttamót og leikir

Tillögur:

- Koma með dót á bekkjarkvöld
- Hafa námskeið
- Fara í fleiri göngutúra
- Gátu- og spurningakeppni

- Hafa eldribekkjaböll eins og valentínusarball og jólaball með öðrum skólum
- Pókerspil

Stöð 5: Matur og morgunhressing

Ert þú sátt/ur við þær breytingar sem gerðar hafa verið varðandi morgunhressingu og hádegismat eftir síðasta skólaþing?

a) Hádegismatur

- Það voru engar breytingar gerðar

b) Morgunverður

Tillögur:

- Endilega koma með salatbarinn sem okkur var lofað
- Salatbar (ekki blanda saman)
- Fjölbreyttara grænmeti og ávextir, t.d: gúrka, tómatar, ananas, laukur, rauð paprika, mangó, mandarínur, ferskjur og jarðaber
- Ekki alltaf fisk á mánudögum
- Hafa oftár pítsu
- Leyfa mjólk í hádeginu
- Ekki hafa laktósafría súrmjólk, frekar ab mjólk eða heimilisjógúrt
- Hafa snúða með morgunkaffinu
- Hafa oftár plockfisk
- Hafa oftár makkarónugraut
- Hafa kartöflur bæði með og án hýðis
- Hafa val um weatabix í morgunmat
- Fjölbreytni í morgunkorni
- Sveppasúpu oftár
- Steiktan fisk í staðinn fyrir soðinn og með kokteilsósu í staðinn fyrir remúlaði
- Hafa Hunts eða Heinz tómatsósu í staðinn fyrir Felix
- Hætta með tómatsúpu með pasta, það eru allir komnir með ógeð af því
- Hafa sósu með samlokunum
- Hafa alltaf val um hafragraut í morgunhressingu, þó að annað sé í boði
- Oftár grjónagraut með slátri
- Hafa heilkorna brauð í boði á miðvikudögum og föstudögum
- Bjóða upp á steik
- Hafa eitthvað álegg á pítunni
- Tortillur oftár, þær eru hollar og góðar
- Hafa bæði músli og samlokur á föstudögum
- Pasta og spagettí oftár með ostasósu og ekki...?
- Hafa alvöru kjöt í hamborgurunum
- Fjölbreyttari fisk
- Fleiri súpur
- Venjulegar franskar

- Hafa fleiri drykki, t.d. djús, safi og sóðavatn
- Hafa smoothie á föstudögum
- Hafa oftari kakó
- Súrdeigsbrauð í morgunmat
- Minni læti
- Borðin saman
- Leyfa litlu krökkunum hinumegin...?

Stöð 6: Samfélagið okkar

Hvernig getum við lært meira af samfélaginu sem við búum í?

- Vera með starfsnám → heimsækja fyrirtæki
- Fara að heimsækja vinnustaði í valgrein
- Fara oftari í Kötlusetur
- Vinnu- og skólakynningar
- Fara í skólaheimsóknir

Hvernig getur þú/þið haft áhrif á samfélagið?

Hvernig geta nemendur Víkurskóla látið gott af sér leiða fyrir samfélagið?

Tillögur

- Vera með tónleika eða spiladag á Hjallatúni
- Planta plöntum eða trjám í góðu veðri
- Setja upp skilti sem segir fólki að drepa á bílnum
- Tína rusl í góðu veðri
- Halda kaffiboð fyrir Hjallatún
- Sálfræðing í skólann

Fylgiskjal 3 – Rýnivinna vegna jóladagskrár og Litlu-jóla 2021

Rýni vegna jóladagskrár og Litlu-jóla 2021

Á starfsmannafundi 3. janúar 2022 rýndu starfsmenn í tveimur hópum uppsetta jóladagskrá skólans og dagskrá Litlu-jólanna.

Skólastjóri lagði til að framvegis yrði dansað í kringum jólatréð í framhaldi af stofu-jólum og þeim þætti væri lokið fyrir jólamatin, mögulega væri þá rétt að hefja daginn klukkan 9:30. Eftir hádegi yrði þá dagskrá á sal og heimferð klukkan 13:30. Fólk var sammála um að þetta væri betri tilhögun. Það sem kom fram í rýnihópunum var eftirfarandi sem rétt er að skoða fyrir uppsetningu næstu jóladagskrár:

- Almennt var ánægja með dagskrána
- Hafa námsmat fyrir þannig að undirbúningur og framkvæmd þess sé ekki inn á dagskrá jóla
- Byrja fyrir að undirbúa helgileikinn, það árið sem hann er og mögulega að hafa einn yfir umsjónaraðila

- Gera meira úr vasaljósadeginum, hafa hann jafnvel allan daginn
- Passa upp á að hafa ekki stíf tímamörk, t.d. var of mikið stress við Syngjandaferðina, skipuleggja betur.
- Ánægja með aðventustund í kirkjunni fyrir nemendur

Fylgiskjal 4 – Rýnivinna vegna árshátíðar Víkurskóla 2022

Rýnivinna eftir árshátíð Víkurskóla 2022 - Dýrin í Hálsaskógi

Rýnivinnan fór fram á starfsmannafundi í apríl 2022. Unnið var út frá eftirfarandi lykilsurningum:

- **Hvernig stöndum við okkur?**
 - **Hvernig vitum við það?**
 - **Hvað gerum við næst?**
1. Árshátíðin varð mjög flott.
Ekki nægjanlega skipulögð með undirbúning og verkaskiptingu.
Góð samvinna.
Mikill lærdómur
Meiri tími
Sviðsmenn stóðu sig mjög vel og unnu sjálfstætt.
Undirbúningur hefði mátt byrja fyrr
Stýring í hlutverk af starfsfólki. – of margir sátu hjá.
Lenti á fáum höndum.
Hljóðkerfið slagt og þarf að bæta.
 2. Við sáum á lokakvöldi að þetta tókst vel.
Viðbrögð foreldra og gesta. Gott umtal í samfélaginu.
Ánægja nemenda eftir á.
Mikil og metnaðarfull vinna.
Leikendur létu ljós sitt skína.
Hljóðið var inn og út.
 3. Eflum fleiri í að taka þátt, taka ungmennafélagsræðuna á eldri krakkana.
Byrja undirbúning fyrr.
Nota valtíma á stundaskrá í þennan undirbúning
Skýrari verkaskiptingu
Virkja alla til meiri þátttöku t.d. yngri nemendur
Markvissari æfingar með leiklist og söng.
Leyfa 1.-4. að vera með atriði
Færri sviðsmenn og tæknimenn
Leikstjóra annað hvert ár
Semja sitt eigið verk – nota stigin.
Hafa hópaatriði – nota stigin – það er annað árið og stórt verk hitt árið.

Bæta hljóðkerfi.